

Tungusilungur ehf  
Strandgötu 39  
460 Tálknafjörður

Reykjavík, 31. ágúst 2020  
UST202003-255/H.S.J.  
08.12.02

**Efni: Reglubundið eftirlit þann 9.6.2020, hjá Tungusilungi ehf.**

Þann 9. júní sl. fór fram eftirlit í Tungusilung, Tálknafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

**Ein ábending var gerð í eftirlitinu er varðar úrbætur eldri frávika frá 2018 en tvö frávik komu fram er varða:**

1. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Til staðar skal vera áhættumat vegna bráðamengunar, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar. Áhættumat og viðbragðs- og neyðaráætlun voru ekki til staðar. Áhættumatið og áætlanir bárust 15.8.20. **Frávakinu telst því lokið.**
2. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á land. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um losun efna í umhverfið. Losun efna hafði hvorki verið mæld né reiknuð. Útreikningur fyrir það sem af er af árinu 2020 bárust hefur borist. **Frávakinu telst því lokið.**

**Starfað er eftir samþykktum úrbótaáætlunum vegna tveggja frávika, frá 2016 og 2018. Frávik frá gr. 3.1 vegna hreinsunar og gr. 2.5 vegna aðgangs vargs.**

**Úrbótaáætlun hefur ekki staðist m.t.t. tímafresta. Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir uppfærðri tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 18.9.2020.**

Virðingarfyllst



Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Halla Einarsson  
teymisstjóri

**Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða**

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

#### Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Tungusilungur ehf.	09.06.20	Tálknafjörður	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
530802-2210	11.12.21	Já	Lax og silungur allt að 200 tonnum

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Silungur er alinn í stöðinni. Framleiðsla var 120 tonn 2018 og 140 tonn 2019. Yfirleitt er standandi lífmassa stöðvar undir 100 tonnum en þar sem slátrað er upp í pantanir og sala hefur minnkað vegna Covid-19 var lífmassi um 115 tonn þegar eftirlitið för fram. Rekstraraðili telur að lífmassinn verði mest um 130 tonn í september.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Færsla starfsleyfis á kennitölu Tungusilungs var staðfest í janúar 2019. Tekin hefur verið upp skráning affalla í Excel. Búið er að tjalda/byggja yfir einhver útiker og tilstendur að bæta við yfirbyggingum við öll útiker í millistærð. Spilliefni eru komin í geymslu. Til stendur einnig að bæta við hreinsun á frárennsli.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 1.4. í starfsleyfi).	X			Við vettvangsheimsókn lágu fyrir kvittanir fyrir móttöku dauðfisks og skráningar dauðfisks eru einnig í Excel.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlunar aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)		X		Ekki til staðar, eftirlitsaðili sendi leiðbeiningar um gerð slíkra áætlana. Áhættumat og viðbragðsáætlun v. rekstrarstöðvunar bárust eftirlitsaðila 15. ágúst sl. og telst frávikinu því lokið.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?		X		Tryggingaskírteini var ekki aðgengilegt í vettvangsheimsókn en var sent að því loknu. Skírteini er í gildi til loka árs 2020.
Er neyðaráætlun til staðar?		X		Ekki til staðar. Sjá hér ofar.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Eru ekki til staðar en rekstraraðila var bent á kosti þess að setja sér mælanleg umhverfismarkmið.
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Fóðrun fer fram á nokkra vegu, mismunandi á þeim 3 stöðum sem ker eru. Handfóðrað, blásið með fóðurkerfi eða með klukkufóðrara, en fóðurmagn er reiknað út.
Er skráning á losun fósþors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?		X		Losun hafði ekki verið mæld í fráreppsli né reiknuð. Losun hefur nú verið reiknuð fyrir það sem af er ári 2020 og er 7 kg/tonn fosfór og 38 kg/tonn köfnunarefni. Frávikinu er því lokað.
Ástand fráreppsli. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá fráreppsli? Er óeðlileg lykt?	X			Fráreppsli leit vel út, ekki varð vart við fugl eða nein ummerki um affallið í fjöru.

## Eftirlit með fiskeldisstöð

### Landeldi

Er fiskur í frárennsli?				
Nánari lýsing á mengunarvarnarbúnaði í frárennsli, síun, settjörn, tromlur, oþ.		X		<p>Engin hreinsun er á frárennslinu. Búið er að grafa fyrir settjörn á innstu staðsetningu eldis en eftir átti að leggja affall allra kerjanna í tjörnina og fer stærsti hluti frárennslis enn óhreinsaður til sjávar.</p> <p>Áætlað er að setja upp hreinsun með settjörnum/-tönkum á miðstaðsetningu. Búið er að teikna verkið og áætla verkþætti. Skv. úrbótaáætlun frá 11. júlí 2019 var áætlað að uppsetningu hreinsibúnaðs yrði lokið fyrir lok sumars 2020. Það hefur ekki gengið eftir og er því kallað eftir uppfærðri úrbótaáætlun.</p>
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			<p>Eldið er þá þremur stöðum í firðinum og standa kerin nokkrum metrum frá sjó á þeim öllum.</p> <p>Frárennsli rennur til sjávar.</p>
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	Á ekki við.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			<p>Dauðfiskur er sóttur af Klofningi daglega.</p> <p>Annar úrgangur líkt og pokar undan fóðri er flokkaður skv. sorpleiðbeiningum sveitafélags.</p> <p>Athuga þarf að skrá magn þessar úrgangs líkt og dauðfisks.</p>
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	Á ekki við.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	Á ekki við.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar?			X	Á ekki við.
Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?				

## Eftirlit með fiskeldisstöð

Landeldi

### Niðurstöður síðasta eftirlits:

Í eftirliti 2018 voru staðfest fjögur ný frávik. Eitt eldra frávik var útistandandi varðandi hreinsun á frárennsli. Annað frávik er snéri að rekstraraðila var í ferli, en rekstraraðili hafði óskað eftir að starfsleyfið yrði flutt yfir á nýja kennitölu.

<b>Samantekt:</b>	<p>Landeldi í Tálknafirði sem elur bleikju. Alið er á 3 staðsetningum í firðinum, þar eru inniker á einni staðsetningunni. Búið er að fára starfsleyfi yfir á kennitölu rekstraraðila og fráviki frá 2016 því lokið. Starfað er eftir samþykktum úrbótaáætlunum vegna tveggja frávika, frá 2016 og 2018. Frávik frá gr. 3.1 vegna hreinsunar og gr. 2.5 vegna aðgangs vargs. Úrbótaáætlun hefur ekki staðist og því er óskað eftir uppfærðri tímasettri úrbótaáætlun vegna frávikanna. Önnur frávik frá 2018 snéru að skráningum; kvittunum, ráðstöfun og magn úrgangs og umgengni. Bætt hefur verið úr en eftirlitsaðili óskar þó eftir að einnig sé haldið utan um magn og ráðstöfun annars úrgangs en dauðfisks, líkt og t.d. plasts undan fóðurpokum og öðru slíku. Einnig hefur umgengni batnað, en þó er mikið af dóti á við og dreif, t.d. trébretti, fiskikör, lagnaefni, rör, reipi, gamlir kvíahringir sem rekstraraðila hafa áskotnast, sem og ýmislegt annað. Rekstraraðila er bent á að þó að þetta sé efni sem ekki á að henda og skuli notast við framkvæmdir þarf að koma því betur fyrir, svo ekki komi til foks eða annarrar mengunar vegna geymslu þess. Rekstraraðila er einnig bent á að gera við leka frá vatnslögn frá borholu.</p> <p>Tryggingaskírteini v. bráðamengunar sbr. lög nr. 33/2004 var ekki aðgengilegt í heimsókninni en var sent í kjölfarið. Áhættumat vegna bráðamengunar sbr. lög nr 33/2004 vantaði. Einnig vantaði viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar sbr. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum. Leiðbeiningar voru sendar rekstraraðila sem sendi í kjölfarið áhættumat og viðbragðsáætlun v. rekstrarstöðvunar.</p> <p>Áætlun á losun fosfórs vantar. Leiðbeiningar um útreikninga frá fóðurnotkun hafa verið sendar rekstraraðila.</p> <p>Tvö ný frávik komu því fram við eftirlitið, annars vegar er varðar áhættumat vegna bráðamengunar, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og viðbragðs-/neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar og hinsvegar skráningar á losun efna út í umhverfið.</p>
<b>Annað:</b>	<p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkanar eða lækkunar tíðni eftirlits.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar fyrir tilkynningar um mengunaróhöpp þ.m.t. bráðamengun hafs og stranda sem rekstraraðili skal hafa til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlana. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili skal hafa þær til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlunar v. mengunaróhappa</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur í tölvupósti eftir að eftirlitið fór fram.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns:

Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Tungusilungur ehf. Tálknafirði



Dags eftirlits	9.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Tungusilungur ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Strandgata 39	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	330802-3270	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ragnar Þór Marinósson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	65°45'09,2"N    23°22'50,6"E

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö eldri frávik eru opin og starfað er eftir samþykktum úrbótaáætlunum. Skv. þeim átti úrbótum beggja frávika að vera lokið í lok sumars 2020, en tímastefnir hafa ekki staðist. Því er óskað eftir uppfærslu á úrbótaáætlun vegna frávika frá gr. 2.5 frá 2018 og gr. 3.1 frá 2016.

Tvö ný frávik eru skráð er varða áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og viðbragðs-/ neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar annars vegar og og skráningar á losun efna út í umhverfið hinsvegar. Ein ábending er gerð vegna úrbóta eldri frávika frá 2018.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Farið var að þremur staðsetningum eldiskerja í Tálknafirði og aðstæður skoðaðar.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita, sbr. meðfylgjandi skjal.
- Gildistími starfsleyfis
- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur, frávik og úrbætur
  - o Framkvæmdir sbr. bréf um samþykkt úrbótaáætlunar 13. september 2019
- Umfang stöðvarinna (framleiðsla/slárturtölur)
  - o 2018
  - o 2019
- Skráningar sbr. gr. 1.4 í Samræmdu starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi
  - o Kvittanir
- Áætlanir, tilkynningar og markmið
  - o Neyðar- og viðbragðsáætlanir v. rekstrarstöðvunar
  - o Áhættumat og viðbragðsáætlun v. bráðamengunar
  - o Trygging v. bráðamengunar
  - o Tilkynningar um mengunaróhöpp
- Frárennsli
  - o Hreinsun
  - o Vöktun/mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
  - o Meðhöndlun og skráningar
  - Mengandi efni
  - Dauðfiskur
  - Annar úrgangur
- Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Skoðun starfstöðvar og aðbúnaður
  - o Útrás frárennslis
  - o Net og aðrar varnir gegn vargi
  - o Umgengni

### Frávik frá

18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi

### Lýsing á fráviki

Til staðar skal vera áhættumat vegna bráðamengunar, viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar. Áhættumat og viðbragðs- og neyðaráætlun voru ekki til staðar. Áhættumatið og áætlanir bárust 15.8.20. Fráviku telst því lokið.

gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um losun efna í umhverfið. Losun efna hafði hvorki verið mæld né reiknuð. Útreikningur fyrir það sem af er af árinu 2020 bárust hefur borist. Frávíkinu telst því lokið.

## ÁBENDINGAR

Þrjú frávik frá 2018 snéru að skráningum; kvittunum, ráðstöfun og magn úrgangs og umgengni. Bætt hefur verið úr en eftirlitsaðili óskar þó eftir að einnig sé haldið utan um magn og ráðstöfun annars úrgangs en dauðfisks, líkt og t.d. plasts undan fóðurpokum og öðru slíku. Einig hefur umgengni batnað, en þó er mikið af dóti á víð og dreif t.d. trébretti, fiskikör, lagnaefni, rör, reipi, gamlir kvíahringir sem rekstraraðila hafa áskotnast, sem og ýmislegt annað. Rekstraraðila er bent á að þó að þetta sé efni sem ekki á að henda og skuli notast við framkvæmdir þarf að koma því betur fyrir, svo ekki komi til foks eða annarrar mengunar vegna geymslu þess. Rekstraraðila er einnig bent á að gera við leka frá vatnslögn frá borholu.

## ANNAÐ


Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif til hækkanar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar fyrir tilkynningar um mengunaróhöpp þ.m.t. bráðamengun hafs og stranda sem rekstraraðili skal hafa til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlana. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili skal hafa þær til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlunar v. mengunaróhappa.

Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var kynntur í tölvupósti eftir að eftirlitið fór fram.

Reykjavík, 31.08.2020

  
Hulda S. Jónasdóttir

Hulda Soffía Jónasdóttir

bls. 4

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Astand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.